

**Símafundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
miðvikudaginn 5. september 2012, kl. 15.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Stofn- og rekstrarstyrkir

Stjórn SSNV samþykkti, á fundi sínum í morgun (5. sept.), viðauka við menningarsamning ríkisins og SSNV 2011-2013 er varðar úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja, sem færast frá Alþingi til menningarsamningsins. Á árinu 2012 eru þetta 10,3 milljónir sem eru til úthlutunar og sér menningarráð um úthlutun styrkjanna.

Fyrir fundinum lágu drög að úthlutunarreglum, auglýsingu og umsóknareyðublaði er varða úthlutun þessara styrkja. Menningarráði yfirfór þessi drög og voru þau samþykkt með nokkrum breytingum.

Ákveðið var að auglýsa nú þegar eftir umsóknum með umsóknarfresti til og með 24. sept. nk.

2. Mat á menningarsamningi

Skv. núverandi menningarsamningi ríkisins og landshlutasamtakanna sjö, 8. gr., ber að leggja árangursmat á framkvæmd samningsins. Óskað verður eftir tilboði í þetta mat frá rannsóknarstofnunum HÍ, HA og Bifröst. Gert er ráð fyrir að kostnaður hvers landshluta geti numið allt að 500 þúsund krónur.

3. Önnur mál

Stefnt að úthlutunarfundi þriðjudaginn 9. okt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15.30.
Ingibergur Guðmundsson